



## FJÁRMUNIR ÓFJÁRRÁÐA BARNA

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Ýmsar reglur gilda um meðferð fjármuna ófjárráða barna sem þarf að hafa í huga þegar stofnað er til viðskipta fyrir þeirra hönd og fjármunum þeirra ráðstafað. Hér á eftir verður leitast við að varpa ljósi á helstu reglur á þessu sviði án þess að þeirri umfjöllun sé ætlað að vera tæmandi.

#### Lögræði og lögráðamenn barna

Um lögræði er fjallað í [lögræðislögum nr. 71/1997](#). Einstaklingar verða lögráða 18 ára en þá öðlast þeir bæði sjálfræði og fjárræði. Börn eru því ófjárráða til 18 ára aldurs.

Lögráðamenn fara með fjárhald barnsins fram að þeim aldri. Lögráðamenn eru foreldrar barns (kynforeldrar eða kjörforeldrar) sem fara með forsjá þess eða aðrir einstaklingar sem hefur verið falin forsjá barns samkvæmt [barnalögum nr. 76/2003](#) með formlegum samningi staðfestum af sýslumanni.

Við skilnað eða samvistarlit foreldra er tekin ákvörðun um hvort þeirra skuli fara með forsjá barna þeirra eða hvort þau skuli eftir sem áður fara sameiginlega með forsjá. Ákvörðunin byggir á samningi foreldra staðfestum af sýslumanni eða úrskurði dómstóla.

Forsjáraðilar teljast fjárhaldsmenn. Samkvæmt lögræðislögum fara fjárhaldsmenn sameiginlega með fjárhald barns.

#### Fjárhald lögráðamanna og sjálfsákvörðunarréttur barna

Samkvæmt lögræðislögum ræður barn ekki fé sínu nema lög kveði á um það. Lögráðamaður fer því með fjárhald þeirra fjármuna barns sem það ræður ekki yfir. Barn hefur þó sjálfsákvörðunarrétt um eftirtalda fjármuni. Umráð lögráðamanns ná því hvorki til eftirtalins fjár né vaxta og verðbóta af því:

- Þess fjár sem barnið hefur sjálft unnið sér inn (sjálfsaflafé)
- Þess fjár sem barninu hefur verið gefið án skilyrða (gjafafé)
- Þess fjár sem lögráðamaður hefur látið barnið hafa til ráðstöfunar

Ekki hefur þýðingu fyrir ráðstöfunarrétt hins ófjárráða hversu gamalt barnið er þegar fjárins er aflað eða það fengið að gjöf. Undantekningar kunna þó að vera á þessu ef sýslumaður sem yfirlögráðandi hefur tekið eða hefur heimilað forsjáraðilum að hafa forráð yfir slíkum fjármunum, að hluta eða í heild.

Fjármunir barns skulu ávaxtaðir eins og best gerist á hverjum tíma. Lögráðamanni ber skylda til að fræða barnið og taka ákvarðanir varðandi fjárhag þess með hagsmuni þess að leiðarljósi. Við ráðstöfun fjármuna barns skal haft samráð við barnið eftir því sem kostur er miðað við þroska þess og aldur.

#### Fjármunir barna

Mismunandi reglur gilda um meðferð fjármuna barna en í grófum dráttum má skipta þeim í þrjá flokka:

- Sjálfsaflafé - það fé sem barnið hefur sjálft unnið sér inn.

- Gjafafé - það fé sem barninu hefur verið gefið, hvort sem er dánargjafir eða lífsgjafir.
- Annað fé - annað fé en það sem ofan greinir, til dæmis arfur og alls kyns bótagreiðslur.

### **Skyldur lögráðamanna og eftirlit yfirlögráðanda**

Sýslumenn eru yfirlögráðendur hver í sínu umdæmi. Hlutverk þeirra felst m.a. í að hafa eftirlit með fjárhaldi lögráðamanna. Samþykki yfirlögráðanda þarf til allra meiriháttar eða óvenjulegra ráðstafana á fjármunum hins ófjárráða og verða hér nefnd nokkur dæmi (ekki er um tæmandi upptalningu að ræða):

- Lögráðamanni er skylt að hafa samráð við yfirlögráðanda varðandi varðveislu og ávöxtun þeirra fjármuna/eigna barna sem eru að verðmæti yfir kr. 1.206.710.
- Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að ganga á eignir barna til greiðslu kostnaðar af framfærslu þeirra, námi eða öðru.
- Óheimilt er að setja fjármuni barna sem tryggingu fyrir skuldbindingu eða láta barn gangast í ábyrgð eða setja tryggingu fyrir þriðja aðila. Yfirlögráðandi getur þó veitt undanþágu þegar sérstaklega stendur á vegna hagsmuna barnsins.
- Óheimilt er að lána fé börnum. Þó getur yfirlögráðandi heimilað undantekningu við vissar aðstæður gegn tryggu veði í fasteign.
- Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að binda barn við kaup eða sölu ýmissa eigna, t.d. fasteigna og skráningarskyldra ökutækja. Sama gildir ef barni eru afhentar slíkar eignir án endurgjalds.

Beiðni lögráðamanns um samþykki sýslumanns vegna ráðstafana á eignum ófjárráða einstaklings þarf að senda sýslumanni á þar til gerðu [eyðublaði](#) sem nálgast má á heimasíðu sýslumanna.

Ef barn á eignir að verðmæti 1.000.000 kr. eða meira þarf lögráðamaður þess að skila [skýrslu](#) til sýslumanns árlega. Þar þarf að taka fram helstu ákvarðanir um eignir barnsins sem teknar voru á liðnu ári.

Komi til ágreinings um meðferð fjármuna barns má bera þann ágreining undir yfirlögráðanda. Ákvarðanir yfirlögráðanda eru kærnanlegar til dómsmálaráðuneytisins innan 30 daga frá birtingu þeirra.

Skylt er að fylgja fyrirmælum yfirlögráðanda varðandi fjármuni barns.

### **Tilkynningarskylda**

Ef lögráðamanni ófjárráða barns eru afhentar greiðslur, sem eru eign barnsins, er skylt að tilkynna yfirlögráðanda um slíkar greiðslur ef þær eru að fjárhæð kr. 1.206.710 eða þar yfir.

### **Ábyrgð lögráðamanns**

Lögráðamaður ber ábyrgð á þeim fjármunum barns sem hann hefur umráðarétt yfir samkvæmt lögræðislögum. Lögráðamaður skal ávallt halda fjármunum barns aðgreindum frá eigin fjármunum. Misfari lögráðamaður með fé barns ber hann bótaábyrgð gagnvart barninu.

# REGLUR ÍSLENSKRA VERÐBRÉFA HF.

## UM FJÁRMUNI ÓFJÁRRÁÐA BARNA

### 1 ALMENNT

Reglur þessar gilda frá og með 13. september 2022. Reglurnar byggja á almennum reglum sem leiða má af lögræðislögum nr. 71/1997, barnalögum nr. 76/2003 og lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Um meðferð á fjármunum ófjárráða barna gilda auk þess, eftir því sem við á, aðrar reglur og skilmálar Íslenskra verðbréfa hf. (hér eftir einnig „ÍV“) sem kunna kveða á um önnur skilyrði en fram koma í þessum reglum.

### 2 ÁBYRGÐ LÖGRÁÐAMANNA

Í öllum viðskiptum í gegnum verðbréfavef og í tengslum við öll viðskipti þar sem lögráðamenn gefa ÍV fyrirmæli um viðskipti fyrir hönd ófjárráða barns er gengið út frá því að lögráðamaður komi fram gagnvart ÍV í samræmi við gildandi lögræðislög á hverjum tíma og önnur lög sem kunna að eiga við hverju sinni.

Nauðsynlegt er að tilkynna ÍV ef breyting verður á forsjá barns og áður veittum upplýsingum gagnvart ÍV enda eru upplýsingar um forsjáraðila ekki aðgengilegar opinberlega.

### 3 STOFNUN VÖRSLUREIKNINGS Í NAFNI ÓFJÁRRÁÐA BARNS

#### 3.1 Ófjárráða barn stofnar vörslureikning

##### 3.1.1 Ófjárráða börn 13 ára og eldri sem eiga gild rafræn skilríki

Ófjárráða börn 13 ára og eldri geta stofnað vörslureikning og fengið aðgang að verðbréfavef ÍV án samþykkis lögráðamanna hafi þau fengið útgefin rafræn skilríki.

Með því að stofna til aðgangs að verðbréfavef samþykkir ófjárráða barn að það muni einungis stofna til viðskipta í gegnum verðbréfavefinn eða að öðru leyti gagnvart ÍV með fjármunum sem teljast sjálfsaflafé, gjafafé sem barninu hefur verið gefið án skilyrða eða fé sem lögráðamaður hefur látið barnið hafa til ráðstöfunar.

Lögráðamanni er heimilt að óska eftir skoðunaraðgangi að slíkum vörslureikningi, sbr. 5. gr. þessara reglna.

##### 3.1.2 Ófjárráða börn 12 ára og yngri

Ófjárráða börn 12 ára og yngri geta stofnað vörslureikning hjá ÍV og þarf þá samþykki lögráðamanna.

Í slíkum tilvikum fær lögráðamaður skoðunaraðgang að vörslureikningi, sbr. 5. gr. þessara reglna, og einnig aðgang til að eiga viðskipti fyrir hinn ófjárráða.

Þegar hið ófjárráða barn verður 13 ára getur það stofnað aðgang sjálf að verðbréfavefnum ef það hefur fengið úthlutað rafrænum skilríkjum og er aðgangur lögráðamanna til að eiga viðskipti eftirleiðis óvirkjaður.

## **3.2 Lögráðamaður stofnar vörslureikning fyrir ófjárráða barn**

### *3.2.1 Stofnun reiknings*

Lögráðamaður getur stofnað vörslureikning hjá ÍV fyrir ófjárráða barn á kennitölu þess.

Heimilt er að stofna til áskriftar í sjóðum hjá ÍV, svo sem með mánaðarlegum kaupum í sjóði. Bankareikningur sem er tengdur vörslureikningi skal vera á kennitölu viðkomandi lögráðamanns. Þrátt fyrir það er fjármunum við úttekt einungis ráðstafað á kennitölu eiganda vörslureikningsins, sbr. 4. gr. þessara reglna.

### *3.2.2 Skilyrði sett um að reikningi sé læst*

Lögráðamaður sem stofnar vörslureikning fyrir ófjárráða barn getur gefið fyrirmæli um að reikningnum sé læst fyrir innlausn, sölu og framsali þar til barn verður fjárráða.

Slík fyrirmæli verða ekki dregin til baka nema í undantekningartilvikum að undangenginni *skriflegri* beiðni þar um frá stofnanda reiknings og skoðun ÍV á slíkri beiðni eða eftir atvikum í samræmi við fyrirmæli sýslumanns sem yfirlögráðanda.

ÍV lítur svo á að í slíkum tilvikum sé um gjafafé að ræða sem gefandi mælir fyrir um að ófjárráða einstaklingur ráði ekki yfir, sbr. 3. mgr. 75. gr. lögræðisлага.

### *3.2.3 Skilyrði sett um að einungis lögráðamaður hafi ráðstöfunarrétt*

Lögráðamaður sem stofnar vörslureikning hjá ÍV fyrir ófjárráða barn getur gefið fyrirmæli um að einungis lögráðamaður barnsins geti gefið fyrirmæli um kaup og innlausn í sjóðum og önnur viðskipti með fjármálagerninga þar til barn verður fjárráða.

ÍV lítur svo á að í slíkum tilvikum og hér greinir sé um gjafafé að ræða sem gefandi mælir fyrir um að ófjárráða ráði ekki yfir, sbr. 3. mgr. 75. gr. lögræðisлага.

## **3.3 Þriðji aðili stofnar vörslureikning fyrir ófjárráða barn**

### *3.3.1 Stofnun reiknings*

Aðrir en lögráðamenn (hér eftir einnig „**þriðji aðili**“) geta stofnað vörslureikning hjá ÍV fyrir ófjárráða barn og stofnað til kaupa á fjármálagerningum sem varsla skal á vörslureikningi hins ófjárráða.

Heimilt er að stofna til áskriftar í sjóðum hjá ÍV af hálfu þriðja aðila, svo sem með mánaðarlegum kaupum í sjóði. Bankareikningur á kennitölu hins ófjárráða skal tengdur við vörslureikning en ekki kennitala þriðja aðila.

### *3.3.2 Aðgangur og ráðstöfunarréttur*

Ófjárráða börn eldri en 13 ára geta átt viðskipti með fjármálagerninga af reikningi sem þriðji aðili stofnar. Sé barn 12 ára og yngri getur lögráðamaður einnig fengið aðgang til að eiga viðskipti fyrir hinn ófjárráða, ef þriðji aðili hefur ekki mælt fyrir á annan veg við stofnun reiknings. Aðrir, þar á meðal stofnandi reiknings, geta ekki fengið aðgang að reikningi eða ráðstafað fjármunum barnsins. Á það við þrátt fyrir að lögráðamenn veiti þriðja aðila almennt umboð til að ráðstafa og eiga í viðskiptum fyrir hönd barnsins.

ÍV lítur svo á að í slíkum tilvikum og hér greinir sé um gjafafé að ræða sem ófjárráða ræður yfir, sbr. 3. mgr. 75. gr. lögræðisлага.

### 3.3.3 Skilyrði sett um að reikningi sé læst

Heimilt er þriðja manni að stofna vörslureikning hjá ÍV fyrir ófjárráða barn og gefa fyrirmæli um að reikningnum sé læst fyrir innlausnum og viðskiptum þar til barn verður fjárráða.

Slík fyrirmæli verða ekki tekin til baka nema í undantekningartilvikum að undangenginni skriflegri beiðni þar um frá stofnanda reiknings og skoðun ÍV á slíkri beiðni eða eftir atvikum í samræmi við fyrirmæli sýslumanns sem yfirlögráðanda.

ÍV lítur svo á að í slíkum tilvikum sé um gjafafé að ræða sem gefandi mælir fyrir um að ófjárráða ráði ekki yfir, sbr. 3. mgr. 75. gr. lögræðisлага.

## 4 BEIÐNI UM RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA ÓFJÁRRÁÐA BARNA

### 4.1 Beiðni um innlausn eða framsal fjármálagerninga ófjárráða barns

#### 4.1.1 Fjármunir barna 13 ára og eldri

Innlausnir ófjárráða barna 13 ára og eldri í gegnum verðbréfavef eru framkvæmdar sjálfvirkt í gegnum verðbréfavefinn.

Fyrirmæli 13 ára og eldri um viðskipti með fjármálagerninga, sem ekki er hægt að eiga viðskipti með í verðbréfavef, skulu framkvæmd að skriflegri beiðni hins ófjárráða að undangengnu samráði/samþykki lögráðamanns/lögráðamanna.

#### 4.1.2 Fjármunir barna 12 ára og yngri

Innlausnir ófjárráða 12 ára og yngri eru framkvæmdar af hálfu lögráðamanna í gegnum verðbréfavef eða samkvæmt fyrirmælum þeirra gagnvart ÍV. Fyrirmæli um viðskipti með fjármálagerninga sem ekki er hægt að eiga viðskipti með í gegnum verðbréfavef skulu framkvæmd að skriflegri beiðni lögráðamanns fyrir hönd hins ófjárráða.

### 4.2 Ráðstöfun fjármuna ófjárráða barns

ÍV ráðstafar fjármunum í eigu ófjárráða ekki til annarra aðila.

Ef vörslureikningi er lokað og reikningseigandi óskar eftir að taka fjármuni sína úr vörslum ÍV mun ÍV ekki afhenda reikningseiganda eða lögráðamönnum hans reiðufé. Ráðstöfun fjármuna mun ávallt fara fram með millifærslu á bankareikning í eigu hins ófjárráða eða framsali fjármálagerninga á annan vörslureikning hjá annarri reikningstofnun á kennitölu hins ófjárráða.

## 5 UPPLÝSINGAGJÖF

Bæði barninu, sem reikningseiganda, og lögráðamanni þess er heimilt að fá skoðunaraðgang og upplýsingar um reikninga barnsins hjá ÍV.

Ekki er heimilt að veita öðrum upplýsingar um viðskipti hins ófjárráða vegna þagnarskyldureglna sem hvíla á starfsmönnum ÍV. Þetta á meðal annars við um þriðja aðila sem kann að hafa stofnað reikning fyrir hönd ófjárráða barns og lagt þar inn gjafafé, t.d. ættingja.

## 6 ÓFJÁRRÁÐA BARN VERÐUR FJÁRRÁÐA

Þegar einstaklingur verður 18 ára fær hann yferráð yfir fjármunum sínum. Ef lögráðamaður hafði yferráð yfir reikningum hins ófjárráða færast þau yferráð til hans sem reikningseiganda.